

# Velkomin á fulltrúaráðsfund foreldrafélags Álfhólsskóla

# Dagskrá fundar

- Kynning á stjórn og áformum stjórnar
- Vetrarstarfið
- Hlutverk bekkjarfulltrúa
- Bekkjarmöppur kynntar og afhentar
- Kynning og skipan í nefndir

HLÉ

- Skipting fulltrúa í hópa eftir stigum
- Niðurstöður hópavinnu

# Stjórn foreldrafélagsins

- Karen Jenný formaður
- Anna María varaformaður
- Brynhildur gjaldkeri
- Sólveig ritari
- Sigurður meðstjórnandi
- Selma meðstjórnandi
- Særún meðstjórnandi
- Kristín Andrea varamaður
- Anna Þóra varamaður
- Gunnar Þór varamaður

# Tengiliðir við skólastigin

- Yngsta stig: Sigurður og Anna María
- Miðstig: Særún og Selma
- Elsta stig: Karen og Sólveig
  
- Fulltrúi í Samkóp: Sigurður
- Fulltrúar í skólaráði: Særún og Ragnheiður Bóasdóttir

## Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, segir í 9. gr. um foreldrafélag:

"Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag.  
Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til  
þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla  
að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.  
Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um  
kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í  
skólaráð."

# Áform stjórnar

- Koma á öflugu foreldrasamstarfi með því að styðja við og efla samstarf fulltrúaráðs foreldrafélagsins.
  - Fulltrúaráð samanstendur af bekkjarfulltrúum, fulltrúum foreldra í skólaráði og stjórn foreldrafélagsins.
- Koma á formlegu samstarfi félagsmiðstöðvarinnar og foreldrafélagsins
- Hitta nemendaráð svo þau kynnist okkur og við þeim. Þannig getum við myndað tengsl, styrkt samstarf foreldra og barna og gætt hagsmuna barnanna okkar

# Áform stjórnar

- Koma nefndastarfi í fastara form
  - Semja starfsreglur
  - Nefndir skili skýrslum um starfið
- Efla fréttabréf foreldrafélagsins
- Móta stefnu um hvernig skuli nota þann pening sem kemur inn í árgjöldum til foreldrafélagsins
- Skapa hefðir um viðburði í skólasamfélaginu

# Störf stjórnar

- Stjórn fundar fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði og oftast ef þörf krefur
- Skólastjóri situr fundi stjórnar að minnsta kosti einu sinni á önn
- Upplýsingum um störf foreldrafélagsins er komið á framfæri á heimasíðunni og með fréttabréfi.
- Foreldrar geta komið með ábendingar eða spurningar með því að senda tölvupóst á netfang foreldrafélagsins [ffalhol@gmail.com](mailto:ffalhol@gmail.com).



# Viðburðir vetrarins

- Laufabrauðsdagur 26. nóvember
- Árshátíð 29. og 30. mars í samvinnu við skólann og félagsmiðstöðina
- Páskabingó 24. mars
- Vorhátíð í maí

# Vetrarstarfið

- Fulltrúaráðsfundur 10. nóvember 2011
- Fyrilestrakvöld fyrir foreldra á elsta stigi
  - Í samvinnu við skólann
- Fræðslufyrirlestur á vorönn
  - Hugmyndir frá bekkjarfulltrúum vel þegnar.
- Fulltrúaráðsfundur á vorönn

# Bekkjarfulltrúar

- Bekkjarfulltrúar starfa á vegum foreldrafélagsins sem setur þeim starfsreglur. Bekkjarfulltrúar ásamt fulltrúum í skólaráði og stjórn mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hverrar bekkjardeildar með nánu samstarfi við umsjónarkennara. Stjórn foreldrafélagsins ber ábyrgð á að í upphafi skólaárs séu kosnir tveir fulltrúar forráðamanna og einn til vara úr hverjum bekk til tveggja ára í senn. Í fyrsta bekk eru tveir eða einn kosinn til tveggja ára og einn til eins árs til að stuðla að því að ekki hætti allir á sama tíma. (5.grein í lögum félagsins)

# Helstu verkefni bekkjafulltrúa

- Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra/forráðamanna og nemenda.
- Bekkjarfulltrúar eru tengiliðir foreldra við umsjónarkennara og koma sjónarmiðum foreldra á framfæri þegar þess er þörf.
- Bekkjarfulltrúar fylgjast með því að foreldrastarfið sem ákveðið er í bekknum sé framkvæmt, t.d. bekkjarkvöld, umræðufundir og heimsóknir. Æskilegt er að skipta foreldrum bekkjarins í 2-5 manna hópa til að skipuleggja einstök verkefni vetrarins

# Helstu verkefni bekkjafulltrúa

- Bekkjarfulltrúar ræða við umsjónarkennara um skólastarfið og gang mála í bekknum og miðla upplýsingum til annarra foreldra.
- Bekkjarfulltrúar eru tengiliðir bekkjarins við foreldrafélag (og fulltrúa foreldra í skólaráði) og sitja í fulltrúaráði foreldrafélagsins.
- Bekkjarfulltrúar aðstoða kennara við að skipuleggja þátttöku foreldra í skólastarfinu eftir því sem við á, t.d. í tengslum við vettvangsferðir, starfskynningar og heimsóknir foreldra í bekkinn.

# Helstu verkefni bekkjarfulltrúa

- Bekkjarfulltrúar aðstoða stjórn foreldrafélagsins við framkvæmd einstakra stærri viðburða s.s. jólaföndur og vorhátíð.
- Bekkjarfulltrúar í 5. - 10. bekk bera ábyrgð á að manna foreldrarölt þau kvöld sem bekknum er úthlutað.

Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans undir [Foreldrar/bekkiarfulltrúar](#)

# Viðburðanefndir

- Laufabrauðsnefnd
- Árshátíðarnefnd
- Páskabingósnefnd
- Vorhátíðarnefnd

# Starfsnefndir

- Fréttabréfsnefnd
- Öryggisnefnd
- Röltnefnd
- Heilsuræktarnefnd



Netfang foreldrafélagsins:  
[ffalhol@gmail.com](mailto:ffalhol@gmail.com)

Heimasíða skólans slóð  
<http://alfholsskoli.is>  
sjá: foreldrar